

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2019
UST201911-156/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun - Hagavatnsvirkjun.

Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Um er að ræða 9,9 MW virkjun sem nýta mun afrennsli Hagavatns í Farinu með gerð uppistöðulóns í Hagavatni og næsta nágrenni og getur lónið orðið allt að 23 km² að flatarmáli.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

Stofnunin telur að umrædd framkvæmd feli í sér m.a. gerð uppistöðulóns í Hagavatni þar sem vatnsborð mun sveiflast allt að 5m. Hér er því vart um endurheimt stöðuvatns að ræða eins og segir í tillögunni. Enda eru nú aðrar aðstæður vegna hopunar jöklar en var.

Gera ætti grein fyrir aðgerðum vegna uppfoks úr lónstæðinu vor og snemma sumars þegar ísa hefur leyst svipað og var tilfellið við Háslón. Þar sem leir mun líklega setjast til í lónstæðinu að vetri mun hann væntanlega verða rokgjarn þegar vorar og vindar blása um vatnslaust lónstæðið eins og tittr er um finefni af þessu tagi.

Umhverfisstofnun telur að gera ætti grein fyrir áhrifum virkjunarinnar á fossa sem njóta sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Einnig mætti gera grein fyrir hvers vegna áætlanir eru um að leggja jarðstreng frá virkjunninni með mun meiri flutningsgetu en sem nemur afköstum fyrirhugaðrar Hagavatnsvirkjunar.

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið

2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar sem hér um ræðir er Hagavatn og affall þess en það hefur vatnshlotsnúmerið 103-2266-L Hagavatn og Farið undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðaþætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Beðist er velvirðingar á því hersu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur